*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskipti og samstarf á árinu.*

*Ráðgjafar Intellecta*

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is

INSPIRED BY ICELAND

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra.

# Kraumar í þér kraftur?

Íslandsstofa leitar að verkefnisstjóra á svið iðnaðar og þjónustu/ráðgjafar og fræðslu.

## Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri tekur þátt í að efla útflutnings- og kynningarstarfsemi sviðsins.

**Ábyrgð og helstu verkefni**
- Ber ábyrgð á skrifuðum texta sviðsins á vef Íslandsstofu
- Ber ábyrgð á mælingum sviðsins á vef Íslandsstofu
- Umsjón með gagnaöflun og textavinnu á öllu útgefnu markaðsefni sviðsins
- Umsjón með samskiptum við sendiráð Íslands og viðskiptafulltrúa
- Tengiliður Íslandsstofu í Evrópuverkefninu Enterprise Europe Network
- Tengiliður með aðgengi að gagnabönkum og svörun fyrirspurna
- Umsjón með námskeiðum og vinnustofum

**Kröfur um menntun og hæfni**
- Háskólapróf og reynsla sem nýtist í starfinu
- Góð tungumálakunnátta – gott vald á skrifuðu máli, bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af verkefnastjórnun, markaðssetningu og alþjóðasamskiptum
- Sjálfstæði, frumkvæði, samskiptahæfni, jákvæðni og hugmyndaauðgi
- Reynsla af og hæfni til að halda kynningar og námskeið

**Upplýsingar veita:**

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2015.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SLÁTURHÚSIÐ HELLU

KS

# Markaðs- og sölustjóri

Sláturhúsið Hellu hf. og Kaupfélag Skagfirðinga svf. óska eftir að ráða markaðs- og sölustjóra fyrir Suðurland með aðsetur á Hellu.

**Markmið starfs:**
Efla afurðaviðskipti við sunnlenska bændur fyrir Sláturhúsið Hellu hf. Auka þjónustu og vöruframboð rekstrarvara fyrir landbúnað. Byggja upp þekkingargrunn og viðskiptasögu við bændur.

**Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar):**
- Þekking og brennandi áhugi á landbúnaði
- Mikil reynsla af sölustjórnun og sölumennsku
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, þjónustulund, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- A.m.k. stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Menntun á sviði búfræði, verkefnastjórnunar, markaðsfræði, dýralækninga eða ráðunautastarfs er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Byggja upp viðskiptasamband við sunnlenska bændur með reglulegum heimsóknum
- Gera samninga við birgja sem bjóða vörur til bænda
- Móta markaðs-, kynningar- og auglýsingamál fyrir starfsemina
- Þróa og innleiða viðskiptamannakerfi sem hentar
- Taka þátt í stefnumótun sölustarfs KS samstæðunnar í þjónustu við bændur
- Árangur af starfinu sé mælanlegur og framsettur mánaðarlega í tölum og myndum
- Kynna sér og viðhalda þekkingu á afurðum hefðbundins búskapar og helstu rekstrarvara sem hann notar

**Upplýsingar veita:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is




## Vertu með í frábærum hóp

ILVA er glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun sem orðin er þekkt meðal landsmanna fyrir gæði, verðlagningu og þjónustu. Við erum stolt af starfsfólki okkar og viljum að starfsfólkið sé stolt af okkur.

### Helgarstarf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til afgreiðslu- og þjónustustarfa um helgar. Leggjum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Vinnutími laugardaga 10:00-18:00, sunnudaga 12:00-18:00. Upplýsingar veitir Jóna í síma 842-4931

### Þjónustufulltrúi - fullt starf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingi til starfa á þjónustuborði. Vinnutími er frá 11:00 - 18:30 alla virka daga og aðra hvora helgi ef þess er óskað. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, skipulagshæfileika og góða alhliða tölvukunnáttu. Þarf að geta unnið undir álagi. Þekking á Navision er kostur. Starfslýsing: Þjónustustörf, afgreiðsla á kassa, símsvörun, o.fl. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar veitir Jóna í síma 842-4931

**Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun.**
**Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is**

# ATVINNA

## FORSTÖÐUMAÐUR ÍBÚÐAKJARNA

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann íbúðakjarna á heimilum fatlaðs fólks sem nýtur sólarhringsþjónustu.

**Ábyrgð:**
**Forstöðumaður**
- ber ábyrgð á að íbúum sé veitt sú þjónusta og stuðningur sem þeir þarfnast í daglegu lífi.
- stendur vörð um réttindi íbúa ásamt því að að efla möguleika þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- ber ábyrgð á daglegum rekstri íbúðakjarnans.
- annast starfsmannahald með öllu sem því tilheyrir.
- er í samstarfi við aðra þjónustuaðila eftir því sem við á.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði þroskaþjálfafræða, sálfræði, félagsvísinda eða menntasviði.
- Þekking og reynsla í málefnum fatlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Upplýsingar veitir Sigríður Daníelsdóttir í síma 421 6700 eða á netfanginu sigridur.danielsdottir@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72125 12/14

# SÉRFRÆÐINGUR / RELIABILITY ENGINEER

Laust er til umsóknar starf sérfræðings / Reliability Engineer í verkfræðideild Icelandair.

### STARFSSVIÐ:

- Eftirlit og mat á tæknilegu uppgjöri viðhaldsskoðana flugflota Icelandair
- Rýni og mat viðhaldsgagna
- Umsjón með útgáfu upplýsinga um áreiðanleika flugflotans
- Samskipti og samvinna með fulltrúum Samgöngustofu
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta
- Leggja til og meta árangur breytinga á viðhaldskerfi
- Kostnaðarmat varðandi hugsanlegar breytingar á viðhaldskerfi
- Verkefnastjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

### HÆFNISKRÖFUR:

- Próf í verkfræði eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Góð færni í öflun og greiningu gagna
- Góð tölfræðikunnátta
- Mjög góð enskukunnátta bæði í rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði, sem og hæfileiki til hópvinnu

**Nánari upplýsingar veita:**
Unnar M. Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

**+ Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 5. janúar 2015. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

ICELANDAIR

Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun og höfuðsafn á sviði menningarminja og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu.
Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningarminjum og sögu íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar m.a. á grundvelli laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

**Þjóðminjasafn Íslands auglýsir lausa til umsóknar**

## Rannsóknarstöðu í nafni dr. Kristjáns Eldjárns

Við Þjóðminjasafn Íslands er sérstök rannsóknarstaða tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, sbr. 3. gr. a. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Í reglugerð nr. 896/2006 segir: „Staðan er ætluð fræðimönnum, er sinna rannsóknum á sviði íslenskrar menningarsögu sem fellur undir starfssvið Þjóðminjasafns Íslands." Rannsóknaverkefnum sem unnið er að í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns er ætlað að efla rannsóknastarfsemi Þjóðminjasafns Íslands. Við ráðningu í stöðuna er m.a. tekið mið af rannsóknastefnu Þjóðminjasafnsins og stöðu þess sem háskólastofnunar. Til greina kemur að tengja sjálfstæða rannsókn við stór rannsóknaverkefni sem þegar er unnið eða hefur verið unnið að innan safnsins.

Staðan er auglýst til eins árs. Fræðimaður skal senda inn umsókn, þar sem verkefnið er vandlega skilgreint og hvernig það verði til að efla menningarsögulegar rannsóknir. Verkefnið skal skilgreint sem eins árs verkefni. Umsókn skal fylgja greinargerð um menntun og reynslu af fræðistörfum.

Verkefni, eins og það er afmarkað, lýkur með formlegum verklokum að ráðningartíma liðnum. Stefnt skal að því að niðurstöður rannsókna verði birtar á viðurkenndum fræðilegum vettvangi eftir verklok en auk þess skulu þær kynntar með fyrirlestri, sýningu eða öðrum hætti innan Þjóðminjasafns Íslands. Rannsóknarniðurstöður skulu jafnframt varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands.

Fræðimaður sem gegnir rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns hefur aðstöðu hjá og starfar innan rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafnsins. Fræðimaður skal leggja sitt af mörkum til að efla rannsóknarstarf safnsins og taka þátt í að veita nýjum straumum inn í fræðilega umræðu.

Í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 896/2006 ákvarðar Þjóðminjavörður um launakjör fræðimannsins, innan marka kjarasamninga og fjárheimilda.

Umsókn með verkefnislýsingu og ferilskrá sendist Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 43, 101 Reykjavík, eða á póstfangið starfsumsokn@thjodminjasafn.is, í síðasta lagi 29. janúar 2015. Upplýsingar eru veittar í síma 530 2200, eða í tölvupósti hjá Önnu Lísu Rúnarsdóttur, settum þjóðminjaverði (anna.lisa@thjodminjasafn.is).

# VERKEFNASTJÓRI HJÁ ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) leitar að öflugum verkefnastjóra í fullt starf. Um er að ræða tímabundna ráðningu í sex mánuði með möguleika á framlengingu.

ÖBÍ leitar að aðila sem hefur brennandi áhuga á mannréttinda- og samfélagsmálum og getur tekist á við og haft eftirfylgni með fjölbreyttum verkefnum. Verkefnastjóri mun starfa á skrifstofu samtakanna sem er í nýju og fallegu húsnæði í Sigtúni 42.

## HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð tungumálakunnátta – íslenska, enska og eitt Norðurlandamál.
- Haldbær reynsla af árangursríkri verkefnastjórnun.
- Mikil samskiptafærni, ritfærni, sveigjanleiki og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög góð tölvufærni og reynsla af notkun á Excel.
- Drifkraftur, frumkvæði, skilvirkni og sjálfstæð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is og Sigrún Erna Sævarsdóttir, sigrun@radum.is í síma 519 6770.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk.**

Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri hefji störf 1. febrúar 2015.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.**

Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum óháð líkamlegu eða andlegu atgervi einstaklinga. ÖBÍ er stefnumótandi í réttindamálum fatlaðra og er málsvari og frumkvöðull í málefnum þeirra. Hlutverk ÖBÍ er jafnframt að vera þekkingarmiðstöð um málefni fatlaðra og ráðgjafi og stoð aðildafélaga bandalagsins sem eru 37 talsins. Nánari upplýsingar um bandalagið má finna á www.obi.is.

ráðum atvinnustofa

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




# Matreiðslumaður

Landsnet leitar að matreiðslumanni eða starfsmanni með mikla reynslu úr atvinnueldhúsi til starfa í mötuneyti Landsnets hf. Viðkomandi heyrir undir yfirmann mötuneytis. Áhersla er lögð á að mötuneytið bjóði starfsfólki upp á fjölbreyttan og hollan mat sem eldaður er frá grunni á staðnum.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Matseld og framreiðsla matar í mötuneyti
- Aðstoð við matseðlagerð
- Frágangur og uppvask í samvinnu við teymi mötuneytis
- Vinnur markvisst að auknum gæðum þeirrar þjónustu sem mötuneytið veitir starfsmönnum
- Vinnur að stefnu fyrirtækisins í mötuneytismálum
- Umsjón með rekstri mötuneytis í fjarveru yfirmanns
- Gætir að hagkvæmni í rekstri mötuneytis

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í matreiðslu
- Reynsla af vinnu í atvinnueldhúsi er skilyrði
- Hugmyndaauðgi og framsækni í matargerð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kostnaðarvitund
- Snyrtimennska í fyrirrúmi
- Áhugi á hollustu og næringu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2015. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

**Landsnet hf.** annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is


## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent



# DRÍFANDI OG SKAPANDI
## MARKAÐSSTJÓRI ÓSKAST

**Markaðsstjóri hefur forystu um stefnumótun í markaðsmálum bankans, annast daglegan rekstur markaðsdeildar og áætlanagerð, stýrir verkefnum og sinnir samskiptum við svið og deildir bankans, auglýsingastofu og aðra hagsmunaaðila.**

Markaðsdeild framfylgir markaðsstefnu bankans og sér um að markaðssetja bankann og þjónustu hans. Deildin annast einnig viðburðastjórnun, verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð, innri markaðssetningu og önnur tengd verkefni. Markaðsdeild er hluti af þróunar- og markaðssviði Arion banka.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki
- Leiðtogahæfni, stjórnunarreynsla og framúrskarandi samskiptafærni
- Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi
- Þekking á stafrænni markaðssetningu
- Reynsla af uppbyggingu vörumerkja
- Hæfni til stefnumótunar og framkvæmdar stefnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Hvannberg starfsmanna-stjóri í síma 444 6376, netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is

**Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, arionbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2015.**

Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Arion banki

---

# SUNDÞJÁLFARI

**Sunddeild Stjörnunnar leitar að einstaklingi í hlutastarf við þjálfun æfingahópa við yngra starf deildarinnar.**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbjörn yfirþjálfari í netfanginu sund@stjarnan.is.**

Sunddeild Stjörnunnar er eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ.

---

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

**Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Sjúkrahúsið Vog**
Vaktavinna - starfshlutfall samkomulag

**Upplýsingar veitir**
Þóra Björnsdóttir
Hjúkrunarforstjóri Vogs
Sími 8247615
thora@saa.is

---

# ATVINNA
## KENNSLURÁÐGJAFI

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar auglýsir starf kennsluráðgjafa, laust til umsóknar.

**Starfssvið:**
- Kennsluráðgjafi starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, aðalnámskrá og framtíðarstefnu Reykjanesbæjar í menntamálum. Starfið felst m.a. í að greina námsvanda nemenda, aðstoða við skipulag kennslu, ráðgjöf við foreldra, kennara og starfsfólk skóla.

**Menntun og hæfni:**
- Grunnskólakennari með framhaldsmenntun í sérkennslu-fræðum og / eða öðru því sem nýtist í starfi.
- Reynsla af kennslu.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
- Góð hæfni í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri sérfræðiþjónustu s. 4216700 eða 8956050, gyda.m.arnmundsdottir@reykjanesbaer.is

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2014

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

---

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- **Leikskólakennari á Kópastein**
- **Leikskólakennari á Læk**

**Grunnskólar**
- **Starfsfólk í dægradvöl í Vatnsendaskóla**
- **Íþróttakennari við Vatnsendaskóla**
- **Forfallakennari í 2. bekk í Kársnesskóla**
- **Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla**

**Velferðarsvið**
- **Starfsmenn í frekari liðveislu**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# STAFRÆNIR STARFSMENN ÓSKAST

**Reykjavik Excursions-Kynnisferðir leitar að öflugum liðsmönnum til að takast á við krefjandi verkefni á sviði stafrænnar markaðssetningar og vefumsjónar.**

## Vefstjóri

### Starfssvið:

- Dagleg umsjón, efnisinnsetning og almennar uppfærslur á vefsvæðum og snjallsímaforritum.
- Rekstur á viðamikilli vefsölu til viðskiptavina og endursöluaðila (B2C & B2B).
- Áframhaldandi þróun og uppbygging innri og ytri vefsvæða og snjallra lausna.
- Aðlögun og vinnsla myndefnis fyrir vef.
- Önnur tilfallandi verkefni innan upplýsingatæknideildar.

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Minnst tveggja ára starfsreynsla af vefstjórn og vefþróunarverkefnum er skilyrði.
- Góð þekking og reynsla af vefhönnun.
- Reynsla og þekking á vefumsjónarkerfum.
- Reynsla og þekking á Google Analytics, HTML og CSS.
- Þekking á myndvinnsluforritum.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og innleiðingum.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

## Markaðsfulltrúi - stafræn markaðssetning

### Starfssvið:

- Stafræn markaðssetning og markaðsherferðir á netinu.
- Textagerð og efnisinnsetning fyrir vef og samfélagsmiðla.
- Notendaviðmót og virkni á stafrænum miðlum.
- Aðkoma að stefnumótun og áætlanagerð fyrir samfélagsmiðla.
- Vöktun, mælingar og skýrslugerð.
- Önnur tilfallandi verkefni innan markaðsdeildar.

### Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla af markaðsmálum.
- Þekking og reynsla á stafrænni markaðssetningu, efnismarkaðssetningu og markaðsherferðum.
- Þekking og reynsla á samfélagsmiðlum, leitarvélavélabestun (SEO/SMO) og Google Analytics.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góð enskukunnátta.

### REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

**Reykjavik Excursions-Kynnisferðir** er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 200 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Vefir fyrirtækisins *www.re.is* og *www.redcar.is* voru tilnefndir til íslensku vefverðlaunanna 2013 sem bestu sölu- og kynningarvefir fyrirtækja. Lögð er áhersla á virka þátttöku á samfélagsmiðlum.

**Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 580 5400 eða *johanna@re.is*.
Umsóknir óskast sendar á netfangið *job@re.is* ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um. **Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2015.**

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is


Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Ritari | IRR, kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201412/972 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201412/971 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð | Reykjavík | 201412/970 |
| Húsvörður | Framhaldsskólinn á Laugum | Laugar | 201412/969 |
| Löglærður fulltrúi | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Höfn | 201412/968 |
| Sérfræðingur í jarðefnafræði | Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201412/967 |
| Sálfræðingur | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201412/966 |
| Aðstoðarmaður umsjónarmanns | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201412/965 |
| Yfirlæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201412/964 |
| Sérfræðingur í barnalækningum | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201412/963 |
| Starfsmaður sérfræðiteymis | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201412/962 |
| Skrifstofu- og fjármálastjóri | Kvikmyndamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201412/961 |




## FORVAL

Eldvörp ehf., fasteignafélag Bláa Lónsins, óskar eftir verktökum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna fyrirhugaðrar stækkunar á núverandi mannvirkjum Bláa Lónsins.

Verk þetta felst í uppsteypu og frágangi mannvirkis að innan sem utan. Heildarstærð hússins er um 8.400 m² sem skiptist í hótel 4.900 m² og heilsulind 3.500 m².

Við undirbúning á mannvirkinu hefur verkkaupi lagt áherslu á metnaðarfulla hönnun og lausnir á mannvirki í háum gæðaflokki. Verk þetta krefst því framúrskarandi framkvæmdakunnáttu, metnaðar og færni þeirra sem vinna verkið og einungis reyndir verktakar koma til greina.

**Gert er ráð fyrir að verkið hefjist í byrjun apríl 2015 og því ljúki 15. janúar 2017.**

Forvalsgögn verða afhent áhugasömum bjóðendum hjá Verkfræðistofunni EFLU, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Skila skal umbeðnum upplýsingum á sama stað eigi síðar en föstudaginn 9. janúar 2015 fyrir kl. 16:00.

BLUE LAGOON ICELAND

Stjörnumálun
- fagmennska í fyrirrúmi

**Málarar**

Vegna fjölda verkefna sem framundan eru óskar Stjörnumálun ehf eftir málurum í vinnu. Framtíðarstörf eru í boði.
**ATH:** Aðeins kemur til greina að ráða menn með reynslu í málaraiðn.

Umsóknir skulu berast á **ivar@stjornumalun.is**, einnig er hægt að hringja í 869-5302
**www.stjornumalun.is**

Lemon
#LEMONICELAND

VILTU VERÐA Lemon djúsari?

Við óskum eftir fersku starfsfólki á aldrinum 18-35 ára sem vill vinna á hressasta heilsubar landsins, í fullt starf eða hlutastarf.

Við viljum fólk sem er tilbúið til að taka þátt í Lemon ævintýrinu með okkur.

Sendu okkur póst á **brostu@lemon.is**

## ATVINNA
FORSTÖÐUMAÐUR ÍBÚÐAKJARNA

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann íbúðakjarna á heimilum fatlaðs fólks sem nýtur sólarhringsþjónustu.

**Ábyrgð:**
**Forstöðumaður**
- ber ábyrgð á að íbúum sé veitt sú þjónusta og stuðningur sem þeir þarfnast í daglegu lífi.
- stendur vörð um réttindi íbúa ásamt því að efla möguleika þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- ber ábyrgð á daglegum rekstri íbúðakjarnans.
- annast starfsmannahald með öllu sem því tilheyrir.
- er í samstarfi við aðra þjónustuaðila eftir því sem við á.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði þroskaþjálfafræða, sálfræði, félagsvísinda eða menntasviði.
- Þekking og reynsla í málefnum fatlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Upplýsingar veitir Sigríður Daníelsdóttir í síma 421 6700 eða á netfanginu sigridur.danielsdottir@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

# Krókháls – Til leigu

350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði






- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður** Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit** Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð** Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald** Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda** Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir** Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking** Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð** Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



# Skrifstofuhúsnæði til leigu







Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.







# www.vinna.is

